

## Fundagerð

Miðvikudaginn 15 Febrúar 2023 var haldinn fundur hjá starfshópi um hjólastefnu Hafnarfjarðar, og hófst hann kl. 15:00 á Norðurhelli í Hafnarfirði. Mættir voru: Díana Björk Olsen (DBO), Hilmar Ingimundarson (HI), Ómar Freyr Rafnsson (ÓFR), Sigrid Foss (SF), Lilja G. Karlsdóttir (LGK), og Berglind Guðmundsdóttir (BG) Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar.

**1. Fundagerð** - Síðasta fundagerð lögð fram til samþykktar - Samþykkt

**2. Verkefni** - Staða verkefna rædd og formaður starfshóps fór yfir það að vinnufyrirkomulag síðustu tveggja funda væri óásættanlegt. Fyrirkomulagið væri búið að vera þannig að verkefni sem hver og einn tekur að sér er ekki lokið nema rétt fyrir fund og þá fer fundartíminn í að lesa það yfir og koma með athugasemdir í stað þess að skila af sér nokkrum dögum fyrir fund og þannig gætu allir verið betur undirbúnir og fundir skilvirkari.

Megin stefnan og markmiðin í skýslunni eru skýr, mikið efni hefur verið tekið saman í skýrsluna eða um 30 bls. Næst er þá að hefjast handa við að draga fram aðalatriðin og minnka þannig umfangið. Til að skýrslan verði auðlesanleg og áhugaverð yfirlestrar. Díana og Hilmar buðu sig fram að rýna skýrsluna og koma með tillögu að framsetningu í minni útgáfu.

Umræða um hvernig standa á að samráði við bæjarbúa. Berglind kom með tillögu um fá stefnuna samþykkt í Skipulagsráði og auglýsa hana í kjölfarið og gefa bæjarbúum þannig færi á að koma með athugasemdir innan 6 vikna svipað og við auglýsingu deiliskipulagsuppdráttar.

Hópnunum leist vel á tillögunum en þarf að ræða betur á næsta fundi hvort starfshópurinn eða bærinn sjálfur tekur að sér að svara athugasemdum.

### 3. Verkefnaskipting

Hilmar, kemur með tillögu að einföldun á markhópagreiningu, Fjárhagsáætlun, lagar og einfaldar samkv. Díana og Hilmar ætla svo að "CRUNCHA" skýrsluna og stytta hana. Þau skila af sér eigi síðar en 28. febrúar.

Hver og einn í hópnunum les yfir skýrsluna eftir "CRUNCH-ID" frá Díönu og Hilmar og koma með athugasemdir og tillögur að breytingum á næsta fundi sem haldinn verður 2. mars kl. 15 Ómar lagar aðalmynd af Stofnstíg, vantar inn Straumsvíkurléið, það vantar heildarmynd með mismunandi litum fyrir hverja léið og breyta textalýsingu.

Það þarf að klárast fyrir föstudaginn 22 febrúar.

Lilja ætlar að hafa yfirumsjón með hvermg samráð við bæjarbúa verður framkvæmt ef af verður.

**Næstu fundir:** Verkefnavinna DBO, HI og ÓFR mán. 21 feb, þri 28 feb þar sem kláruð er tillaga á einföldun á texta og vinnu innan skýrslu  
Næsti fundur starfshóps verður fimmtudaginn 2 mars kl 15:00 að norðurhelli.

Fundi lokið kl 16:15